NÁMSGREIN MYNDMENNT / SJÓNLISTIR
KENNSLUYFIRLIT NÁMSÁRIÐ 2026- 2027

Bekkur: 1. bekkur

Kennari: Greta S. Guðmundsdóttir

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla. verkleg vinna og samtal.

Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir ,pappír og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- **Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.**
- **Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.**
- **Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt..**

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
Kennt er í þrískiptum lotum lotum: Hópur 1: 28.08 - 16.11 Hópur 2: 30.11-01.03 Hópur 3: 05.03 - 07.06	Grunnform: Mynsturgerð Andlitsmynd Fuglar, teiknaðir og litaðir Stafamynd	Þekki grunnformin með því að teikna þau upp og lita. Þekki nokkrar grunntegundir mynsturgerða og geti beitt þeim. Mynstrin teiknuð upp og lituð. Þekki hlutföllin í andlitinu og grunnreglur í andlitsmyndagerð. Skoða sitt eigið andlit og teikna það upp. Geti teiknað fugla og skreytt. Þekki og skoði ýmsar fuglategundir. Þekki stafina og geti leikið sér með stafaformin stór og smá og teiknað og litað mynd út frá því.	Geti: Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar Unnið út frá kveikju í eigin listsköpun Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og	Leiðsagnamat og hæfniviðmið. Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið.
	Orðaforði	Læri þau orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með		